

Umhverfissráðuneyti  
Skuggasundi 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2011  
Tilvísun: 2011110006/50.15  
Verknúmer: 1227000

### **Efni: Umsögn um drög að skipulagsreglugerð**

Orkustofnun vísar til erindis umhverfissráðuneytis, dags. 3. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við drög að skipulagsreglugerð.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreindra draga að skipulagsreglugerð og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við þau.

#### **Um skipulagsnefndir sbr. kafli 2.3**

Í kafla 2.3 um skipulagsnefndir segir m.a. um meginverksvið þeirra:

„Þær fjalla um athugasemdir við auglýstar skipulagstillögur, gera tillögu til sveitarstjórnar um endanlega afgreiðslu skipulagstillagna, veita umsagnir um hvort leyfisskyldar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun og hafa eftirlit með því að framkvæmdir háðar framkvæmdaleyfi séu í samræmi við staðfest aðalskipulag og gildandi deiliskipulag og lagaákvæði og reglugerðir um skipulagsmál.“

Ennfremur segir í drögunum: „Hlutverk skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi er skilgreint í reglugerð um framkvæmdaleyfi.“

Orkustofnun telur mikilvægt að fram komi í skipulagsreglugerðinni, að það sé eitt af megniverkefnum skipulagsnefnda að tryggja að skipulagsumfjöllun sé með þeim hætti, af þeirra hálfu, að afstaða sé tekin til þess m.a. hvort leyfis Orkustofnunar og/eða hvort um tilkynningarskyldar framkvæmdir til stofnunarinnar sé að ræða sem um er fjallað í skipulagsnefnd og til stendur að veita leyfi fyrir samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi. Þessu til áréttingar leggur Orkustofnun þess vegna til að tilvitnaður málsliður verði svo orðaður um meginvið skipulagsnefnda:

„Þær fjalla um athugasemdir við auglýstar skipulagstillögur, gera tillögu til sveitarstjórnar um endanlega afgreiðslu skipulagstillagna, veita umsagnir um hvort leyfisskyldar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun og hafa eftirlit með því að framkvæmdir háðar framkvæmdaleyfi séu í samræmi við staðfest aðalskipulag og gildandi deiliskipulag og lagaákvæði og reglugerðir um skipulagsmál og önnur ákvæði laga um vernd og/eða landnýtingu.“

Með framangreindri tillögu telur Orkustofnun að stuðlað sé að auknu aðhaldi opinberra aðila með framkvæmdum, þ.e. að skipulagsnefndum og sveitarstjórnnum sé gert ljóst í skipulagsreglugerð að framkvæmdir kunna að vera háðar leyfum annarra aðila eða vera tilkynningarskyldar til slíkra aðila eins og á m.a. við samkvæmt ákvæðum auðlindalaga. Ákvæðið þannig breytt kallast á við reglugerð um framkvæmdaleyfi.

#### **Um svæðisskipulag sbr. kafli 3.1**

Í kafla 3.1.1. er fjallað um markmið svæðisskipulags m.a. samkvæmt c. lið,; „að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði.“

Í skipulagslögum er að finna nýmæli hvað varðar landsskipulag og landsskipulagsstefnu. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laganna skal slík stefnumörkum hafa að leiðarljósi að samþætta stefnu opinberra aðila, þ.m.t. varðandi orkunýtingu, og skal hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Ekki er vikið að nánar að þessari útfærslu í drögunum en um ræðir 3.1.2., þar sem segir m.a. „Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi.“

Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laga segir m.a. að í gerð og efni landsskipulagsstefnu felist að taka saman fyrirbyggjandi stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum, byggðamálum, ferðaþjónustu, náttúruvernd, orkunýtingu, samgöngumálum o.s.frv. og samþætta hana og útfæra með tilliti til skipulags landnotkunar.

Orkustofnun bendir á að mikilvægt sé að skipulag hafsvæða utan netlaga, þ.e. landskipulag verði eftt, einkum í ljósi vaxandi hagsmuna auðlindanýtingar á hafsbotni, fiskeldis og skeldýraræktunar. Í 11. gr. skipulagsslaga er kveðið á um málsmeðferð varðandi landsskipulagsstefnu og segir í 1. mgr. ákvæðisins m.a. að umhverfísráðherra skuli áður en vinna hefst við gerð skipulagsstefnu hverju sinni skipa sjö fulltrúa í ráðgjafarnefnd sem er Skipulagsstofnun og ráðherra til ráðgjafar og samráðs við undirbúning landsskipulagsstefnu. Í nefndinni skulu vera m.a. fulltrúar opinberra stofnanna.

Orkustofnun telur mikilvægt, með hliðsjón af hlutverki landsskipulagsstefnu og þess svæðis sem hún tekur til, að stofnunin eigi fulltrúa í umræddri ráðgjafarnefnd. Fyrir liggur að landsskipulagsstefna tekur til þeirra málaflokka sem Orkustofnun fer með leyfisveitingar á, sbr. rannsóknar-, nýtingar-, vinnslu- og virkjunarleyfi samkvæmt viðkomandi sérlögum þar um, bæði á landi sem og út að mörkum efnahagslögsögunnarí ákveðnum tilvikum, sem og þeirra sviða sem stofnunin býr yfir sérþekkingu á.

Orkustofnun ítrekar í þessu sambandi að samkvæmt sérlögum um Orkustofnun, nr. 87/2003, er eitt af lögbundnum hlutverkum stofnunarinnar að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál. Einnig skal stofnunin standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og hafsbotnsins og á öðrum jarðrænum auðlindum þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra.

Í ljósi þessa er það mat Orkustofnunar að aðkoma hennar að umræddri stefnumótun sé nauðsynleg hvað varðar orku- og auðlindamál, hvort sem það varði auðlindir í jörðu og/eða á landi eða hafsbotni.

### **Um kynningu og samráð við skipulagsgerð sbr. kafli 3.2**

Í kaflanum 3.2.1. er fjallað um samráð og samráðsaðila. Þar segi m.a.: „Við gerð svæðisskipulags skal haft samráð við þá aðila sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem skipulagið nær til og kveðið er á um í öðrum lögum. Skipulagsstofnun gefur út lista yfir aðila sem leitað skal umsagnar hjá, eftir því sem við getur átt.“

Af gefnu tilefni bendir Orkustofnun á að ekki hefur, með skipulögðum hætti, verið leitað til Orkustofnunar varðandi þá málaflokka sem stofnunin fer með og kunna að varða skipulagsgerð. Þá hefur Orkustofnun þurft að óska sérstaklega eftir því hjá sveitarfélögum að við skipulagsgerð verði haft samráð við stofnunina, t.a.m. varðandi grunnvatn, og hafa sveitarfélög tekið vel í þá ósk.

Í ljósi þessa telur Orkustofnun mikilvægt að í skipulagsreglugerð verði vísað til Orkustofnunar varðandi samráð um þá þætti sem falla undir verksvið stofnunarinnar og að listi sá sem Skipulagsstofnun gefur yfir aðila sem leitað skal umsagnar hjá, eftir því sem við getur átt, fylgi reglugerðinni.

Orkustofnun gerir ekki að öðru leyti frekari athugasemdir að svo stöddu varðandi drög að skipulagsreglugerð.

Virðingarfyllt,

Skúli Thoroddsen

Harpa Þórunn Pétursdóttir